

5. fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu miðvikudaginn 14. janúar 2015, kl 15:00

Mætt eru: Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Steinunn Anna Halldórsdóttir og Dagrún Þórisdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá 1. des 2014 samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla og erindi frá Halldóru leikskólastjóra

Halldóra Friðbergsdóttir, sagði frá starfinu, hún greindi frá því að mikið muni um stöðugildið sem bætt var við í sérkennslu og eldhús.

Leikskólastjóri sótti skólafund á Húsavík 13. nóv 2014.

Talmeinafræðingur verður á ferðinni í þessari viku.

Orðaskil hefur verið lagt fyrir börn á yngri deild og verið er að skrá TRAS jafnt og þétt á báðum deildum. Samhliða því er verið að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn. Grænfánaverkefnið gengur vel, umhverfisnefnd fundar í hverjum mánuði.

Foreldraviðtöl fóru fram í nóvember, mæting mjög góð.

Vinnu við skólanámskrá lokið og hefur námskráin verið send til foreldraráðs til umsagnar.

Leikskólinn var opinn á milli hátíða fyrir þau börn sem búið var að skrá.

Skólalámskráin leggur fyrir starfsmannakönnun í fyrsta skipti núna í febrúar.

Framundan eru ýmsar skemmtilegar upptökur eins og Þorrablót og vasaljósadagur.

Starfsfólkið er á leið til Brighton í námsferð 23.-26. apríl næstkomandi á Numicon

námskeið og heimsækja Reflection leikskólann (Reggio og Forest school stefnan).

Námskeiðið „leikur að læra“ verður haldið á Vopanfirði 30.jan. Og er áhugi fyrir því að allt starfsfólk Barnabóls sækji það.

3. Innsend erindi og bréf

- Bréf frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga langt fram til kynningar. (Efni bréfsins ; hvatning til sveitarfélaga að gera átak í að hækka menntunarstig starfsmanna í leikskóla.)
Fræðslunefnd vill hvetja starfsfólk leikskóla til að kynna sér 2ja ár Diplómanám í leikskólakennarafræðum sem boðið er uppá í HÍ og HA.

Fræðslunefnd leggur til að sveitarfélagið endurskoði reglur sínar um stuðning til fjarnáms, þar sem búið er að lengja kennaranám úr 3 í 5 ár.

- Bréf frá Félagi Leikskólakennara lagt fram til kynningar. (Efni bréfsins ; Orðsporið 2015).

4. Önnur mál.

Formaður kynnti fyrir nefndinni bréf sem á fundi 1. desember var ákveðið á að skrifa til Menntamálaráðuneytisins vegna athugasemdar við dagsetningar samræmdra prófa 2015.

Ekki fleira gert og fundi slitið 16.30